

## FORSETAÚRSKURÐUR um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS  
*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt tillögu forsetisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskráinnar, laga um Stjórnarráð Íslands og forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

1. gr.

*Forsætisráðuneyti.*

**Bjarni Benediktsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir forsetisráðuneytið skv. 1. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *forsætisráðherra*.

2. gr.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.*

**Pórgerður Katrín Gunnarsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skv. 1., 5. og 6. tölul. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra*.

**Pórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skv. 2.–4. tölul. og 7. og 8. tölul. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra*.

3. gr.

*Dómsmálaráðuneyti.*

**Sigríður Á. Andersen** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir dómsmálaráðuneytið skv. 3. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *dómsmálaráðherra*.

4. gr.

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti.*

**Benedikt Jóhannesson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið skv. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *fjármála- og efnahagsráðherra*.

5. gr.

*Mennta- og menningarmálaráðuneyti.*

**Kristján Þór Júlíusson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið skv. 5. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *mennta- og menningarmálaráðherra*.

Nr. 16

7. apríl 2017

6. gr.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.*

**Jón Gunnarsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið skv. 6. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra*.

7. gr.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.*

**Björt Ólafsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið skv. 7. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *umhverfis- og auðlindaráðherra*.

8. gr.

*Utanríkisráðuneyti.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir utanríkisráðuneytið skv. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *utanríkisráðherra*.

9. gr.

*Velferðarráðuneyti.*

**Ottarr Proppé** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir velferðarráðuneytið skv. 1. tölul., c–f-liðum 3. tölul., 4.–6. tölul. og a–d-liðum 10. tölul. 9. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *heilbrigðisráðherra*.

**Þorsteinn Víglundsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir velferðarráðuneytið skv. 2. tölul., a-, b- og g-lið 3. tölul., 7.–9. tölul. og e-lið 10. tölul. 9. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *félags- og jafnréttismálaráðherra*.

10. gr.

Úrskurður þessi öðlast gildi 1. maí 2017. Með úrskurði þessum fellur úr gildi úrskurður nr. 2/2017, um skiptingu starfa ráðherra.

*Gjört í Reykjavík, 7. apríl 2017.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*

---

A-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2017